



Borgarráð

Vatnsmýrarvegur 10, rif á sambyggðri bensínafgreiðslu og skrifstofu bílaleigu.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag dags. 25.8.2017, milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu 101 Reykjavík, Skeljungs hf. kt. 590269-1749, Borgartúni 26, 105 Reykjavík og Alp bílaleigu kt. 540400-2290, Vatnagörðum 38, 105 Reykjavík um að rífa byggingu með fastanúmerið 202-8976, sem stendur á lóðinni Vatnsmýrarveg 10 (U-reitur) samtals 103,5 fermetrar að stærð.

Greinargerð: Þann 26. apríl 1973 fékk Skeljungur samþykktar teikningar hjá byggingafulltrúa Reykjavíkur að húsi fyrir bensínafgreiðslu til bráðabirgða. Starfrækti Skeljungur næstu ár bensínsölu í bensínafgreiðslunni. Þann 30. júní 1977 samþykkti byggingafulltrúinn í Reykjavík stækkun á bensínafgreiðslu og að eldsneytistankar yrðu settir í jörðu. Þann 31. janúar 1985 fékk Bílaleigan Braut leyfi til þess að byggja við bensínafgreiðsluna sem samþykkt var til bráðabirgða í 5 ár. Síðar tók Alp bílaleiga við umræddum húsakynnum og aðstöðu en eignarhald þess félags og Skeljungs á húsnæðinu var sameiginlegt án þess að frá því væri gengið með formlegum hætti.

Í samkomulaginu felst að Skeljungur tekur að sér að rífa byggingu og fjarlægja bensíntanka í jörðu og skila ómengðu jarðvegi umhverfis stöðina. Jafnframt tekur félagið að sér að rífa byggingu sem Bílaleigan Braut fékk samþykkt að byggja við bensínafgreiðslu Skeljungs og skipta Skeljungur og Alp bílaleiga með sér kostnaði við það niðurrif. Skeljungur gerir tilkall til lóðarréttinda vegna veru umrædds bensínskála frá árinu 1973 en felst á að gefa þau eftir gegn því að fá forgangsrétt til orkusölu á umferðarmiðstöðvarreit komi til þess að slík sala verði ráðgerð með breyttu skipulagi fyrir reitinn. Ef af verður skal greiða markaðsverð fyrir byggingarréttinn.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Samkomulag um niðurrif, hreinsun og forgangsrétt til orkusölu.

SAMKOMULAG

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 Ráðhúsinu 101, Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar Eignasjóðs kt. 570480-0149,

Skeljungur kt. 590269-1749, Borgartúni 26, 105 Reykjavík og

Alp bílaleiga kt. 540400-2290, Vatnagörðum 38, 105 Reykjavík;

gera með sér svofellt samkomulag vegna niðurrifs á bensínafgreiðslu með fastanúmerið 202-8976, (32 m²) og viðskeyttu húsi fyrir bílaleigu (71,5 m²) (óskráð í Þjóðskrá) þar sem áður var bensínafgreiðsla á svokölluðum U-reit við Umferðarmiðstöðina að Vatnsmýrarvegi 10, Reykjavík:

1. Skeljungur tekur að sér að rífa báðar byggingarnar sem eru samtengdar og fjarlægja olíu- og bensíntanka í jörðu og skila svæðinu sem er á áhrifasvæði bensínafgreiðslunnar, ómenguðu. Fjarlægja skal fyllingar undir og með tönkum og setja þess í stað, burðarhæft efni. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) um fyrirhugaða framkvæmd áður en hún hefst og fá samþykki heilbrigðiseftirlitsins fyrir henni. Tengiliður SEA er Ólafur I. Halldórsson; tölvupóstfang olafur.i.halldorsson@reykjavik.is; sími 693 7466.
2. Komi í ljós mengun síðar við jarðvegsframkvæmdir á svæði sem talist getur verið á áhrifasvæði bensínafgreiðslunnar eða rekstri bílaleigunnar ber Skeljungur ábyrgð á að fjarlægja hana.
3. Alp bílaleiga samþykkir með undirritun sinni á samkomulag þetta að Skeljungur annist rifin á viðskeyttu húsi bílaleigunnar.
4. Skeljungur á forgangsrétt til þess að kaupa byggingarrétt á U-reit á markaðsverði af Reykjavíkurborg, sem heimilar að selt sé eldsneyti og vistvænir orkugjafar svo sem lífoldsneyti, metan, vetni eða rafmagn. Tvö skilyrði þurfa að vera uppfyllt til þess að forgangsréttur þessi verði virkur:

Að ákveðið verði í deiliskipulagi að hafa slíka stöð starfrækta á U-reit.

Að byggð verði ný umferðarmiðstöð á U-reit.

5. Nýti Skeljungur sér ekki forgangsrétt þennan með tilkynningu innan 2ja mánaða frá því að deiliskipulag fyrir U-reit hefur tekið gildi með auglýsingu í B-deild

Stjórnartíðinda, skal auglýsa byggingarréttinn fyrir eldsneytis- og orkuseljanda í opnu og gagnsæju ferli.

6. Tilnefna skal tvo matsmenn sem eru löggiltir fasteignasalar til þess að meta verðmæti byggingarréttar á slíkri eldsneytis- og orkusölu. Ef aðilar koma sér ekki saman um matsmenn skal hvor tilnefna einn matsaðila til matsins og skal meðaltal matanna lagt til grundvallar sem markaðsmat. Verði meira en 20% frávik á milli mata skulu aðilar koma sér saman um tilnefningu oddamann, sem er löggiltur fasteignasali, til þess að gera sjálfstætt verðmat og skal hans mat lagt til grundvallar sem markaðsverð byggingarréttarins.
7. Hefja skal framkvæmdir eigi síðar en 01.10.2017 og ljúka þeim eigi síðar en 31.12.2017.
8. Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki borgarráðs og fellur það niður ef það samþykki fæst ekki.
9. Samkomulag þetta er bundið því skilyrði að allir samningsaðilar undirriti það.

Reykjavík 25.8.2017.

f.h. Skeljungs

f.h. Alp Bílaleigu

f.h. Reykjavíkurborgar

Vottar að réttri undirskrift,

fjárræði og dagsetningu:

kt.

kt.